

EFTIRLITSSKÝRSLA



First Water hf. (áður Landeldi hf.) Laxabraut 21, 23 og 25 Þorlákshöfn Ölfusi

Dags eftirlits	2.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	First Water hf. (áður Landeldi hf.)	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Laxabraut 21, 23 og 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Páll Ágústsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Amelía Ósk Hjálmarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 8. júlí 2024 og telst því frávíki lokað. 2) Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því frávíki lokað. 3) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrr en 8. júlí 2024 og telst því frávíki lokað. 4) Samkvæmt starfsleyfi á að taka tvær sýnatökur á ári við hámarks og lágmarks lífmassa en árið 2023 var bara ein sýnataka. 5) Samkvæmt gr. 3.10 í starfsleyfi á að vera til staðar áætlun um meðhöndlun á úrgangi. Hún var ekki til staðar við eftirlit en barst Umhverfisstofnun 8. júlí 2024 og telst því frávíki lokað.

Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Reikna út fosfór og nitur út frá sýnatökum og skila inn í grænabókhaldi ásamt fódurútreikningum. 2) Skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvar fyrirtækisins til að koma í veg fyrir misskráningu. 3) Mikið af fugli var við fräreennslið. 4) Bent var á að taka vatnsýni þar sem allt fräreennslisvatnið sameinast.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 3450 tonn á hverjum tíma.

Viðstödd eftirlitið voru Erlingur E. Jónasson, Stefán Ágústsson, Arnþór Gústavsson fyrir hönd rekstaraðila og Auður Eyberg Helgadóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning

1. Engin frávík komu fram við eftirlit árið 2022, en þrjár ábendingar voru settar fram er varða, að uppfæra þarf áætlun vegna rekstrarstöðvunar en áætlun um varanlega rekstrarstöðvun vantar inn, að dagsetningar vantar á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda og að áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar samkvæmt gr. 3.10 í starfsleyfi.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Rekstaraðili er með umhverfismarkmið. Framleiðsla fyrir árið 2023 var 912,5 tonn og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fódri var 8,4 kg P/tonn sem er undir leyfilegum mörkum

samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi. Út frá sýnatöku eftir tromlusíu 14. 11. 2023 reiknast losun 3,4 kg/tonn sem er undir leyfilegum mörkum.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Útisvæðið var snyrtilegt miðað við að miklar framkvæmdir eru á svæðinu, en það sást fjöldi fugli við viðtakan í frárennsli eftir hreinsibúnaðinn.

7. Efni eru geymd í læstri geymslu og á lekabyttum. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og hurð inn í geymsluna viðunandi merkt.

8. Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits.

9. Nýtt fyrirkomulag innheimtu eftirlitsgjalda var kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 8. júlí 2024 og telst því fráviki lokað.
gr 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024, með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því fráviki lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal mæla magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a. m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Einungis var ein mæling framkvæmd árið 2023.
gr. 3.10 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun var ekki til þegar eftirlit fór fram og var henni skilað 8. júlí 2024 og telst því fráviki lokað.
2.gr. rgl.990/2008 um útstreymisbókhald.	Rekstraraðila ber að skila inn útstreymisbókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað inn fyrr en 8. júlí 2024 og telst fráviki því lokað.

ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

Rekstraraðila var bent á að reikna fosfór- og niturlosun út frá sýnatökum og skila inn í grænabókhaldi ásamt fóðurútreikningum.

Rekstraraðila var bent á að skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvarnar tvær til að koma í veg fyrir misskráningu á gögnum.

Rekstraraðila var bent á að mikið af fugli er við frárennslið eftir hreinsistöðina þrátt fyrir að gröfur sem gáfu frá sér mikinn hávaða væru að vinna við stækkun á frárennslinu.

Rekstraraðila var bent á að taka vatnssýni þar sem allt frárennslisvatn kemur saman, til að hafa nákvæmari mælingu á heildarlosun.

ANNAÐ

Annað:

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 08.08.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir

